

Tillaga til 474. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 15. apríl 2021

Tillaga frá 557. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 8. apríl 2021, um að bæjarstjórn heimili að hefja vinnu við nýtt deiliskipulag á Þingeyri og veiti heimild til að hefja vinnu við breytingar á deiliskipulagi Flateyrar frá 29. janúar 1998, og deiliskipulagi milli Sætúns og Hlíðarvegar á Suðureyri frá 3. desember 2003, til þess að fjölga byggingalóðum í sveitarfélaginu. Þær lóðir sem skipulagðar verða á Þingeyri fara síðan til auglýsingar skv. úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar, sem og þær lóðir sem verða aukalega til við breytingu á skipulagi Flateyrar og Suðureyrar.

5. Umsókn um stofnframlag - Bæjartún hses. - 2021020097

Bæjartún íbúðafélag hses óskar eftir að Ísafjarðarbær veiti vilyrði fyrir lóðum við Drafnargötu á Flateyri, Hlíðargötu á Þingeyri og við Sætún á Suðureyri, með fyrirvara um samræmi við skipulag og að lóðir séu tækar til úthlutunar. Jafnframt með fyrirvara um samþykki stofnframlagaumsókna til HMS og sveitarfélagsins.

Fylgigögn eru tillögur að lóðum á þessum stöðum.

Umrætt landsvæði á Þingeyri hefur ekki verið deiliskipulagt og lóðir þar því ekki tækar til úthlutunar. Svæðin á Flateyri og Suðureyri eru deiliskipulögð en ekki í samræmi við hugmyndir Bæjartúns um raðhúsalóðir.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að veita heimild til að hefja vinnu við nýtt deiliskipulag á Þingeyri og heimild til að hefja vinnu við breytingar á deiliskipulagi Flateyrar frá 29.01.1998 og deiliskipulagi milli Sætúns og Hlíðarvegar á Suðureyri frá 03.12.2003, til þess að fjölga byggingarlóðum í sveitarfélaginu.

Þær lóðir sem skipulagðar verða á Þingeyri fari síðan til auglýsingar skv. úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar, sem og þær lóðir sem verða aukalega til við breytingu á skipulagi Flateyrar og Suðureyrar.